

125. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

Haldin að Austurvegi 56, Selfossi, miðvikudaginn 20. júlí kl. 13:00.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlöðversson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson

1. Tillaga að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Fyrir lá tillaga að sameiginlegri svæðisáætlun 2005, sem unnin hefur verið í framhaldi af samstarfsamningi fjögurra sorpsamlaga frá 29. desember sl.

Áætlunin er unnin í samræmi við ákvæði 4. greinar laga nr. 55/2003 og reglugerðar nr. 738/2003, sem skylda sveitarfélög til að setja fram svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs sem taka mið af markmiðum laganna og landsáætlun Umhverfisstofnunar fyrir 1. apríl 2005.

Svæðisáætlunin felur í sér lýsingu á núverandi stöðu, þ.e. magni þess úrgangs sem fellur til, flokkun hans, uppruna og flæði, upplýsingar um fyrirkomulag á meðhöndlun úrgangs, upplýsingar um kostnað sveitarfélaga á því svæði sem áætlunin nær til við meðhöndlun úrgangs á árinu 2002, spá um líklega þróun á magni úrgangs á svæðinu til ársins 2020 og samanburð við markmið landsáætlun Umhverfisstofnunar, m.a. um minnkun á urðun lífræns úrgangs í áföngum.

Sett er fram áætlun um aðgerðir til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til sveitarfélaganna í lögum um meðferð úrgangs, sem og aðrar aðgerðir sem fela í sér möguleika til betri árangurs í meðhöndlun úrgangs

Kostnaður Sorpstöðvar Suðurlands vegna framangreindrar aðgerðaáætlunar getur numið um 1 - 2 m. króna á ári næstu 3 árin, og áhrif þessa kostnaðar á gjaldskrá fyrirtækisins verða óveruleg.

Stjórnin samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að sameiginlegri svæðisáætlun og þá aðgerðaáætlun sem í henni felst, og telur að með henni sé búið að uppfylla ákvæði 4. greinar laga nr. 55/2003 um gerð svæðisáætlunar fyrir aðildarsveitarfélögin.

Stjórnin vísar tillögunni til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar í samræmi við ákvæði 4. greinar laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Óskað er eftir staðfestingum fyrir 15. október.

Sorpstöð Suðurlands mun standa fyrir kynningarfundi fyrirhluta september.

2. Deiliskipulagsmál

Tillögur að breyttu deiliskipulagi á Kirkjuferjuháleigu voru auglýstar 15. júlí. Tillögurnar liggja frammi til kynningar á skrifstofu sveitafélagsins Ölfus.

3. Meðhöndlun sláturúrgangs.

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu mála. Vilyrði um samkomulag um formeðhöndlun sláturúrgangs fyrir losun á Kirkjuferjuháleigu hafa ekki gengið eftir. Margföldun á innvegnum magni á sláturúrgangi hefur orðið þess valdandi að takmörkuð úrræði eru til að taka við

Bls 5

öðrum fljótandi/blautum úrgangi á Kirkjuferjuháleigu. Fyrirsjáanlegt er að ekki verður unnt að meðhöndla allan þann úrgang sem kemur til með að fylgja haustslátrun 2005, reiknað er með að úrgangsmagnið þrefaldist á tímabilinu september til janúar. Lagt fram bréf dagsett 5. júlí til fyrsta þingmanns suðurkjördæmis þar sem óskað er eftir fundi um sláturúrgang.

4. Meðhöndlun seyru.

Magn seyru frá fráveitu hreinsun sveitarfélaga og fyrirtækja hefur verið að aukast nokkuð og fyrirsjáanleg er frekari aukning á slíkum úrgangi. Takmörk eru fyrir því hversu mikið af slíkum úrgangi er hægt að meðhöndla á hverjum tíma með núverandi verklagi. Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á samstarfi við sveitarfélögin, Landgræðsluna og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um að finna aðra leið fyrir fráveituúrgang sveitarfélaganna.

5. Styrkumsókn fyrir landgræðsluverkefni í Ölfusi.

Sveitarfélagið Ölfus og verkfræðistofan Línuhönnun sækja um styrk vegna verkefnis sem gengur út á að kanna möguleika á að sinna landgræðslu með einkafjármagni á svæðinu vestan Þorlákshafnar. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands.

Beiðni um fjárstyk hafnað en stjórn sorpstöðvarinna lýsir fullum vilja til faglegs samstarf við aðila verkefnisins.

6. Annað.

Bréf frá UST dagsett 6. júní um útstreymisbókhald, lagt fram til kynningar.

Bréf frá UST dagsett 12. júlí um niðurstöður eftirlits á Kirkjuferjuháleigu lagt fram til kynningar.

Bréf til Úrvinnslusjóðs um meðhöndlun á heyrúlluplasti lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.14:40

Bls.6